



ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2020

ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2020

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10



LANDSPÍTALI

MAÍ 2021

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjúþættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Þó er ennþá til staðar nokkur óvissa varðandi þær reikningsskilaaðferðir sem nota ber í kjölfar breytinga á reikningsskilareglum við gildistöku ákvæða í lögum um opinber fjármál.

Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikninginn þó er ýmiss kostnaður gjaldfærður vegna þeirra auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 2.

Í marsmánuði á árinu 2020 var Landspítali settur á neyðarstig vegna COVID19 faraldursins og hefur faraldurinn haft talsverð áhrif á fjárhag og afkomu spítalans á árinu 2020. Draga þurfti verulega úr hefðbundinni starfsemi en á móti jókst álag á spítalann vegna COVID19 faraldursins.

Í fjárukaalögum 2020 fékk spítalinn 5.406 m.kr. fjárveitingu vegna COVID19 kostnaðar en einnig fékk spítalinn millifærðar fjárveitingar að fjárhæð 920 m.kr. vegna COVID19 kostnaðar. Hluti af þessum fjárveitingunum, eða 1.300 m.kr. voru vegna aukinnar birgðasöfnunar á árinu 2020. Þessi aukning í birgðasöfnun skýrist af meiri þörf fyrir sóttvarnarbúnað og prófefnum fyrir COVID19 rannsóknir. Þessar fjárheimildir voru færðar meðal frestaðra tekna og verða færðar á rekstur á móti notkun.

COVID19 er enn að valda kostnaði á spítalanum á árinu 2021 og hefur reiknuð áhrif fyrsta ársfjórðungs verið metin á 814 m. kr.

Á árinu 2020 var veltan um 88.339 m.kr. Tekjuhalli var á árinu þar sem gjöld voru 449 m.kr. umfram tekjur. Landspítali gerði á áætlunum sínum um rekstur ráð fyrir að 300 m.kr. kostnaði spítalans vegna gerðardóms hjúkrunarfræðinga yrði mætt með hefðbundnum launabótum á árinu 2020 enda hafði spítalinn fengið vilyrði að svo yrði gert. Þá hafði spítalinn óskað eftir að 309 m.kr. af 390 m.kr. af fjárveitingu vegna fjárfestingarátaks í tengslum við COVID19 yrði afgreitt sem rekstrarframlag þar sem fjárveitingunni var ráðstafað í gjaldfært viðhald. Hvorugt gekk ekki eftir. Hefðu fjárveitingar vegna COVID19 fjárfestingarátaksins og gerðardóms hjúkrunarfræðinga skilað sér til spítalans í samræmi við það sem spítalinn gerði ráð fyrir hefði rekstrarniðurstaða spítalans verið 160 m.kr tekjuafgangur.

Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 4.762 m.kr. í lok tímabilsins Eignir spítalans nema 20.982 m.kr., en skuldir eru samtals 25.744 m.kr.

Í lögum um opinber fjármál nr.123/2015 kemur fram að ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila. Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 kemur einnig fram að starfssvið ríkisendurskoðanda tekur til endurskoðunar ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila í A-hluta ríkisreiknings. Þrátt fyrir ákvæði framangreindra laga hefur ríkisendurskoðandi ákveðið að gefa ekki út álit á ársreikning Landspítala eða annarra ríkisstofnana í A-hluta, þó endurskoðun sé framkvæmd. Ríkisendurskoðandi gefur út álit á ríkisreikningi 2020 í heild sinni.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2020 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu hans 31. desember 2020 í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2021



Páll Matthíasson
Forstjóri



Ólafur Darri Andrason
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	17	74.175.910	65.306.667
Frestaðar tekjur	17	1.367.031	1.049.789
Tekjufært ríkisframlag samtals		75.542.941	66.356.456
Þjónustutekjur	5	3.430.487	4.239.065
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	6	96.891	83.212
Aðrar tekjur	7	4.387.124	4.418.461
S-merkt lyf og blöndunargjöld	8	4.881.970	4.116.070
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	8	(4.617.844)	(3.796.100)
Rekstrartekjur samtals		8.178.628	9.060.708
Tekjur samtals		83.721.570	75.417.165
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	61.524.156	57.605.478
Vörunotkun	10	12.895.077	11.079.937
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	11	6.444.082	6.206.840
Annar rekstrarkostnaður	12	1.991.111	1.772.922
Afskriftir	13,14	1.287.497	1.161.155
Gjöld samtals		84.141.924	77.826.334
Tekjuhalli án fjármagnsliða		(420.354)	(2.409.169)
Fjármunatekjur (gjöld)	16	(29.410)	28.333
Tekjuhalli		(449.764)	(2.380.836)

Efnahagsreikningur árið 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	13	125.770	112.791
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	6.852.038	7.109.668
Sjálfstæðar rekstrareiningar	14	205.344	239.567
Eignaverk vegna fasteigna	15	4.122.850	3.587.330
Hlutafjáreign	18	2.500	2.500
Fastafjármunir samtals		11.308.502	11.051.856
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	19	2.333.185	1.046.669
Víðskiptakröfur	20	1.163.531	1.457.698
Aðrar skammtímakröfur	20	11.662	167.072
Ríkissjóður	22	5.769.709	4.372.442
Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu		388.852	236.212
Handbært fé		6.501	15.017
Veltufjármunir samtals		9.673.441	7.295.111
Eignir samtals		20.981.944	18.346.967

31. desember 2020

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé	4		
Höfuðstóll í ársbyrjun		(4.312.250)	(1.937.100)
Aðrir eiginfjárreikningar		0	5.686
Tekjuhalli		(449.764)	(2.380.836)
Eigið fé samtals		<u>(4.762.014)</u>	<u>(4.312.250)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldbindandi samningar á móti eignfærslu	21	10.626	18.018
Frestuð framlög	23	12.083.222	9.471.390
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		961.748	1.007.620
Innlausn frestaðra tekna næstu 12 mánuði		(1.300.837)	(1.223.933)
Langtímaskuldir samtals		<u>11.754.758</u>	<u>9.273.096</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.153.209	3.674.957
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	24	7.096.436	6.255.200
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.431.274	2.209.468
Næsta árs afborgun samninga	21	7.443	22.564
Innlausn frestaðra tekna næstu 12 mánuði		1.300.837	1.223.933
Skammtímaskuldir samtals		<u>13.989.200</u>	<u>13.386.121</u>
Skuldir samtals		<u>25.743.958</u>	<u>22.659.217</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.981.944</u>	<u>18.346.967</u>

Sjóðstreymi 2020

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2020	2019
Tekjuhalli		(449.764)	(2.380.836)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Frestaðar tekjur og gjafir og styrkir		(1.463.923)	(1.133.001)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		1.287.497	1.161.155
Hreint veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(626.189)	(2.352.682)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Breyting á birgðum		(1.286.516)	(112.035)
Breyting á rekstartengdum kröfum		(1.100.330)	2.063.448
Breyting á rekstartengdum skuldum		541.292	1.050.547
Handbært fé (til) frá rekstri		(2.471.743)	649.278
Fjárfestingarhreyfingar			
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting		(1.008.624)	(1.810.031)
Endurbætur og nýframkvæmdir		(535.520)	(1.057.987)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.544.144)	(2.868.018)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun samninga		(22.514)	(31.391)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		51.021	157.774
Fjárfestingaframlag ársins		3.978.865	2.096.200
Fjármögnunarhreyfingar		4.007.371	2.222.583
Breyting á handbæru fé		(8.516)	3.844
Handbært fé í ársbyrjun		15.017	11.174
Handbært fé í árslok		6.501	15.017

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í rekstri á sjúkrahúsi og heilbrigðisþjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur spítalans fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS). Hann er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu. Innleiðing á IPSAS fyrir A-hluta stofnanir er ekki að fullu lokið og er fjallað um frávik í reikningsskilaaðferðum í skýringu 2 "Eignaverk vegna fasteigna". Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Mat og ákvarðanir

Stjórnendur þurfa að meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að frádregnum afskriftum og virðisryrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðarávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Vegna nýrra laga um opinber fjármál urðu breytingar á meðferð eignakaupa í bókhaldi Landspítala. Eignakaup sem áður voru gjaldfærð voru á árinu 2017 eignfærð. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016 voru endurmetnir og færðir til eigna á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

Eignaverk vegna fasteigna

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi ársins. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti meðal langtímaskulda er bókað á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

Skýringar frh

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið á árinu 2016 eða fyrr, voru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar. Óefnislegar eignir, svo sem hugbúnaður, sem fjárfest var í á árunum 2017 og síðar eru færðar til eignar meðal fastafjármuna.

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verða til innan Landspítala er gjaldfærður í rekstrarreikning á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

Fjárfestingaframlag

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í rekstrarreikningi á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi þann 31. desember 2020. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi í lok ársins:

	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
EUR	156,10	135,83
USD	127,21	121,10
SEK	15,57	12,99

Gjafir og styrkir

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Orlofsskuldbinding

Skuldbinding spítalans vegna orlofsréttinda og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok ársins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrirætlum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 var gerð sú breyting að upphafsstaðan frá 2017 færð á móti stöðu við ríkissjóð, sjá nánar skýringu númer 22.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt. Reiknuð skuldbinding vegna námsleyfa er tilgreind í skýringu utan efnahagsreiknings.

Skýringar frh

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar stofnunin hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á útstreymi fjármuna stofnunarinnar til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð hennar á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindandi samningar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum, sem áður voru utan efnahagsreiknings, eru færðir sem skuld í efnahagsreikning.

Húsaleigusamningar

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum. Sjá frekar um skuldbindingar utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 28.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast reiðufé í sjóðum og bankainnstæður sem hægt er að innleysa fyrirvaralítið.

Tekjur

Rekstrartekjur spítalans eru bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjárukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins. Sjá ákvæði um fjárfestingaframlag hér að framan.

Langtímaskuldir

Skuldbindandi langtímasamningar sem bera vexti eru færðir á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema stofnunin hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Jafnframt er fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda, sbr. skýringar 2. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

Skýringar frh

3. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2020 skiptist hann í þrjú svið og skrifstofu Landspítala. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í meginráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2020. Fyrir nánari sundurliðun á fjárhæðum hér fyrir neðan vísam við í skýringu númer 29 og hlutdeild þessara starfsþátta í afkomu spítalans er sem hér segir:

	Skrifstofa	Þjónustusvið	Klínísk svið	Sjálfstæðar rekstrar- einingar	Utan sviða
Tekjufært ríkisframlag	4.408.654	17.960.661	53.643.146	(128.898)	(340.622)
Rekstrartekjur	144.311	2.080.233	1.609.225	10.178.010	(1.157.829)
Tekjur samtals	4.552.965	20.040.894	55.252.371	10.049.112	(1.498.451)
Laun og tengd gjöld	4.186.763	10.254.695	46.796.432	1.277.005	(990.739)
Önnur rekstargjöld	418.686	10.839.825	9.478.668	8.884.343	(2.299.022)
Gjöld samtals	4.605.449	21.094.520	56.275.100	10.161.348	(3.289.761)
(Tekjuhalli)/afgangur starfsþátta	(52.484)	(1.053.626)	(1.022.729)	(112.236)	1.791.310

4. Eigið fé

Ójafnað eigið fé spítalans nam 4.762 m.kr. í lok árs. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2020 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2020	(4.312.250)
Tekjuhalli án ríkisframlags	(75.992.705)
Ríkisframlag ársins	75.542.941
Eigið fé 31. desember 2020	(4.762.014)

5. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma.

	2020	2019
Rannsóknir	1.629.985	1.702.891
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	855.381	926.078
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	329.524	992.063
Sérfræðiþjónusta, önnur	256.916	298.943
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta	358.681	319.089
Samtals	3.430.487	4.239.065

Skýringar frh

6. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Sjá skýringu nr. 2 um tekjufærslu gjafa og styrkja í rekstrarreikningi og bókun sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningi. Á tímabilinu janúar til desember 2020 voru innkomnar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 51 m.kr.

7. Aðrar tekjur

	2020	2019
Selt fæði	280.052	271.172
Rannsóknna - og þróunarverkefni	98.346	276.155
Önnur seld þjónusta	1.405.284	1.418.945
Leigutekjur	75.358	91.672
Vörusala	2.329.520	2.184.472
Aðrar tekjur	169.799	130.949
Framlög og gjafir	28.765	45.096
Samtals	4.387.124	4.418.461

8. S-merkt lyf

	2020	2019
S-merkt lyf, sala án vsk og álagningar	4.617.844	3.796.098
S-merkt lyf, blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjald	264.126	319.972
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	(4.617.844)	(3.796.100)
Samtals	264.126	319.970

9. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Föst laun	34.369.242	30.970.540
Önnur laun	15.904.171	16.254.796
Launatengd gjöld	11.250.743	10.380.143
Samtals	61.524.156	57.605.478

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.462 að meðaltali á árinu 2020, en þau voru til samanburðar 4.362 á árinu 2019. Á árinu 2020 voru 5.783 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 5.683 á árinu 2019. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

Skýringar frh

10. Vörunotkun

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Í skýringu nr. 19 má sjá vörubirgðir 31. desember 2020 og 31. desember 2019.

	2020	2019
Lækninga- og hjúkrunarvörur	5.019.262	4.496.332
Lyf	1.580.201	1.502.007
Lyf samkvæmt lyfseðli	2.352.817	2.049.769
Rannsóknarvörur	1.704.483	997.354
	<u>10.656.764</u>	<u>9.045.462</u>
Matvæli	926.711	927.135
Orkugjafar	420.438	415.020
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur	209.827	213.111
Byggingavörur	311.927	189.961
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur	369.411	289.248
	<u>2.238.313</u>	<u>2.034.475</u>
Samtals	<u>12.895.077</u>	<u>11.079.937</u>

11. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld

	2020	2019
Sérfræðiþjónusta	1.868.604	2.129.184
Verkkaup	2.427.965	2.134.083
Leigu- og afnotagjöld	859.002	525.878
Ferðir, fundir, risna o.f.l.	96.402	397.339
Aðkeyptur akstur	640.334	683.317
Flutningaþjónusta	425.529	204.504
Annað	126.248	132.536
Samtals	<u>6.444.082</u>	<u>6.206.840</u>

Skýringar frh

12. Annar rekstrarkostnaður

Fasteignagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

	2020	2019
Opinber gjöld og tryggingar	627.820	583.268
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna	118.965	110.033
Minniháttar tæki, áhöld og varahlutir	959.064	996.687
Ýmis óreglulegur kostnaður	285.261	82.935
Samtals	1.991.111	1.772.922

13. Óefnislegar eignir og varanlegir fastafjármunir (án sjálfstæðra rekstrareininga)

	Lækningatæki	Bifreiðar og farartæki	Annað lausafé	Óefnislegar eignir	Samtals
Stofnverð 1/1	9.665.913	102.019	1.428.410	241.564	11.437.906
Afskrifað 1/1	(3.416.723)	(32.980)	(644.070)	(121.674)	(4.215.447)
Viðbót á árinu	825.129	790	137.784	44.921	1.008.624
Afskrifað á árinu	(1.022.273)	(11.552)	(178.970)	(39.040)	(1.251.834)
Selt og niðurlagt	0	(1.441)	0	0	(1.441)
Bókfært verð 31/12	6.052.047	56.837	743.154	125.770	6.977.808
Stofnverð 31/12	10.491.043	101.368	1.566.194	286.485	12.445.089
Afskrifað 31/12	(4.438.996)	(44.532)	(823.040)	(160.714)	(5.467.281)
Bókfært verð 31/12	6.052.047	56.837	743.154	125.770	6.977.808
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	10-12,5%	0-20%	10-20%	

14. Sjálfstæðar rekstrareiningar

Nokkrar rekstrareiningar spítalans fá ekki fé til fjárfestinga af fjárfestingarframlagi skv. fjárlögum m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestingar hér skal koma frá sjóðstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara eigna. Neðangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

	Þvottahús	Dauðhreinsun	Apótek	Matsala sjúkrahótels	Samtals
Stofnverð 1/1	258.908	38.062	44.295	957	342.222
Afskrifað 1/1	(74.754)	(12.356)	(15.482)	(64)	(102.655)
Afskrifað á árinu	(25.891)	(3.806)	(4.430)	(96)	(34.222)
Bókfært verð 31/12	158.263	21.900	24.384	798	205.344
Stofnverð 31/12	258.908	38.062	44.295	957	342.222
Afskrifað 31/12	(100.645)	(16.162)	(19.911)	(160)	(136.878)
Bókfært verð 31/12	158.263	21.900	24.384	798	205.344
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	10-12,5%	0-20%	10-20%	

Skýringar frh

15. Eignaverk vegna fasteigna

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna. Í ár er gerð sú breyting að fasteignaverk eru ekki lengur færð sem verk í vinnslu heldur er öll vinnan eignfærð meðal fastafjármuna. Samanburðarfjárhæðum fyrri ára vegna endurflokkunar hefur verið breytt til samræmis við nýtt verklag. Eignaverk vegna fasteigna árið 2019 var áður 3.115.639 þ.kr. en verður 3.587.330 þ.kr. eftir leiðréttingu.

	2017	2018	2019	2020	Samtals
Hringbraut	255.343	657.259	786.335	168.652	1.867.589
BUGL	124.216	512.635	213.151	43.830	893.831
Landakot	127.954	300.355	130.934	205.023	764.266
Fossvogur	379.513	0	0	118.015	497.527
Tunguháls	41.629	29.015	2.008	0	72.653
Kópavogur	0	0	26.983	0	26.983
Samtals	928.655	1.499.264	1.159.411	535.520	4.122.850

16. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af viðskiptakröfum. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok ársins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

	2020	2019
Vaxtatekjur	5.242	23.556
Vaxtagjöld	(3.158)	(15.480)
Gengismunur	(31.494)	20.258
Samtals	(29.410)	28.333

Skýringar frh

17. Fjárheimildir og rekstur

Í fjárheimildum ársins 2020, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 78.154,8 m.kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir ársins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

	Fjárheimildir 2020	Áætlun ársins	Ársreikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld	(59.952.919)	(61.670.973)	(61.524.156)	146.817
Önnur rekstrargjöld	(18.663.691)	(21.586.616)	(22.697.301)	(1.110.686)
Rekstrartekjur	5.740.700	7.504.000	8.081.737	577.737
Rekstrarniðurstaða				(386.132)
Afskriftir		(1.253.275)	(1.287.497)	(34.222)
Fjárfestingaframlag	(2.678.863)	1.156.384	1.156.384	0
Framlag til Covid birgða	(1.300.000)	210.647	210.647	0
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		96.891	96.891	0
Vextir og gengismunur		0	(29.410)	(29.410)
Mismunur gjalda og tekna	(78.154.773)	(75.542.941)	(75.992.705)	(449.764)

18. Hlutfjáreign

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 9 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 325,6 þús. kr. og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun í lok árs 2019 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi. Ekki hefur verið farið í skoðun á árinu 2020.

19. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar á meðalkostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist, á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

	Varúðar- niðurfærsla 31.12.2020	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2020	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2019
Lækninga- og hjúkrunarvörur	20.748	357.433	325.070
Lyf	23.517	492.969	350.805
Rannsókn- og röntgenvörur	50.156	524.302	283.118
Rekstrarvörur	34.497	940.997	65.930
Matvæli	1.418	17.484	21.746
Samtals	130.336	2.333.185	1.046.669

Skýringar frh

20. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útstandandi kröfur spítalans.

	2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur		
Heilbrigðisstofnanir	214.201	229.660
Sjúkratryggingar Íslands	235.122	256.641
Einstaklingar	505.518	510.011
Erlendar kröfur	221.171	376.153
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir	184.769	268.339
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(197.250)	(183.105)
Viðskiptakröfur samtals	1.163.531	1.457.699
Aðrar skammtímakröfur	11.662	167.072
Samtals	1.175.194	1.624.771

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í lok ársins og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2020
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2020	183.105
Bein afskrift tapaðar krafna	(114.096)
Framlag í niðurfærslureikning	128.241
Niðurfærslureikningur 31. desember 2020	197.250

21. Skuldbindandi samningar í efnahagsreikningi

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum í lok desember eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 28. Hreyfingar og staða samninga undir langtímaskuldum er sem hér segir:

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2020	31.12.2019	2020	31.12.2019
Greiðslur á næsta reikningsári	7.882	24.310	7.443	22.564
Til greiðslu síðar	12.140	19.968	10.626	18.018
	20.022	44.278	18.069	40.582
Framtíðar vaxtagjöld	(1.953)	(3.697)		
Núvirtar eftirstöðvar	18.069	40.581		

Skýringar frh

22. Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikning. Í lok desember 2020 nam krafa spítalans á ríkissjóð 5.769,7 m.kr. Orlofs- og frítímaréttaskuldbindingin er ennþá hluti af af stöðu við ríkissjóð en sundurgreint í upphafsstöðu í samræmi við samþykkt Alþingis á ríkisreikning 2017 þann 16. maí 2019, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofskuldbindinganna á eigið fé.

Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða við Ríkissjóð 1. janúar 2020	(774.156)
Staða orlofskuldbindingar 1. janúar 2020	5.146.598
Staða 1.janúar 2020	4.372.442
Frmlag til rekstrar	74.175.910
Fjárfestingafrmlag	1.572.663
Frmlag vegna eignaverka	1.106.200
Frmlag vegna birgða	1.300.000
Móttæknar greiðslur	(76.757.506)
Staða 31. desember 2020	5.769.709

23. Frestuð framlög

	Frestað frmlag v. eldri eign	Fyrirfram innheimt frmlag	Frmlag vegna eignaverka	Frmlag vegna birgða	Samtals
Flutt frá fyrra ári	2.988.059	3.642.934	2.840.397	0	9.471.390
Frmlag ársins	0	1.572.663	1.106.200	1.300.000	3.978.863
Afskriftir/notkun	(641.020)	(515.364)	0	(210.647)	(1.367.031)
Staða í lok ársins	2.347.039	4.700.233	3.946.597	1.089.353	12.083.222

24. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	2020	31.12.2019
Sumarorlof	5.109.183	4.374.981
Hvildartímafrí	1.144.879	1.121.972
Vaktafrí og annar áunninn frítími	842.374	758.247
Samtals	7.096.436	6.255.200

Skýringar frh

25. Fimm ára rekstraryfirlit

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2016-2020. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Fjárhæðir í millj. kr.

	2020	2019	2018	2017	2016
Tekjur	8.179	9.061	8.343	8.498	8.272
Gjöld	(82.884)	(76.637)	(70.936)	(64.537)	(58.477)
Afskriftir	(1.287)	(1.161)	(1.380)	(785)	(2.506)
Gjöld umfram tekjur	(75.993)	(68.737)	(63.973)	(56.824)	(52.711)
Ríkisframlag samtals	75.543	66.356	62.547	56.886	52.626
(Tekjuhalli)/-afgangur	(450)	(2.381)	(1.426)	62	(85)
Fastafjármunir	11.309	10.580	8.874	5.949	3
Veltufjármunir	9.673	7.767	9.714	10.489	3.708
Eignir samtals	20.982	18.347	18.588	16.437	3.710
Höfuðstóll	(4.762)	(4.312)	(1.937)	(725)	112
Langtímaskuldir	11.755	9.273	8.347	5.174	30
Skammtímaskuldir	13.989	13.386	12.178	11.988	3.568
Eigið fé og skuldir samtals	20.982	18.347	18.588	16.437	3.710

26. Sér sjóðir

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 59 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 42 og innstæða í árslok 2020 nemur samtals 590,7 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjöldmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2020 er 229. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 42,5 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2020 um 862,3 m. kr.

Skýringar frh

27. Eignir utan efnahagsreiknings

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok ársins 2020.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut	18.364.296	24.999.944
Fossvogur	6.859.874	10.523.960
Landakot	1.911.950	2.787.190
Kópavogur	2.336.900	2.216.550
Kleppur	1.885.494	1.994.075
Vífilsstaðir	1.309.223	1.637.417
Grensás	1.121.400	1.496.400
Tunguháls	753.500	703.050
Sumarhús starfsmanna	325.828	408.850
Aðrar eignir	3.197.150	3.364.650
Samtals	38.065.615	50.132.086

28. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Námsleyfi lækna

Í lok desembers 2020 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbokaðra námsleyfa lækna samtals 874,3 m.kr.

Samningar

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

	Skuldbinding 31.12.2020	2021	Til greiðslu 2022	2023
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar	1.973.344	743.587	712.872	712.872
Samtals	1.973.344	743.587	712.872	712.872

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 4.240 m.kr. í lok árs 2020.

	Skuldbinding 31.12.2020	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
Húsleiga	5.359.637	436.062	1.892.455	3.338.535
Samtals	5.359.637	436.062	1.892.455	3.338.535

Skýringar frh

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

29. Rekstraráætlun 2020

Svið og kjarnar	2020	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Skrifstofa forstjóra	351.090	354.974	3.884	1,1%
Framkv.stjór hjúkrunar og lækninga	2.694.584	2.625.827	(68.757)	(2,6%)
Fjármál	792.397	800.877	8.480	1,1%
Mannauðsmál	623.068	626.977	3.909	0,6%
Skrifstofa Landspítala	4.461.139	4.408.654	(52.484)	(1,2%)
Skrifstofa meðferðarsviðs	464.417	464.060	(357)	(0,1%)
Bráðþjónusta	3.936.992	4.122.086	185.094	4,5%
Lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta	9.361.912	9.171.594	(190.318)	(2,1%)
Öldrunarþjónusta	3.807.091	3.735.932	(71.159)	(1,9%)
Geðþjónusta	5.820.927	5.937.658	116.731	2,0%
Sjúkrahótel	272.626	267.557	(5.069)	(1,9%)
Meðferðarsvið	23.663.964	23.698.888	34.923	0,1%
Skrifstofa aðgerðarsviðs	396.921	391.890	(5.031)	(1,3%)
Skurðlækningar	6.061.503	5.843.878	(217.625)	(3,7%)
Skurðstofur og gjörgæsla	9.637.347	9.446.455	(190.892)	(2,0%)
Krabbameinsþjónusta	3.579.402	3.247.891	(331.511)	(10,2%)
Hjarta- og æðþjónusta	3.960.717	3.817.433	(143.284)	(3,8%)
Kvenna- og barnaþjónusta	7.421.972	7.199.150	(222.823)	(3,1%)
Aðgerðarsvið	31.057.863	29.946.696	(1.111.167)	(3,7%)
Skrifstofa þjónustusviðs	321.870	320.273	(1.597)	(0,5%)
Rannsóknþjónusta	8.013.105	7.543.474	(469.631)	(6,2%)
Aðföng og umhverfi	8.720.522	8.171.898	(548.623)	(6,7%)
Lyfjaþjónusta	14.145	-57.095	(71.240)	124,8%
Heilbrigðis- og upplýsingatækni	1.872.030	1.850.778	(21.252)	(1,1%)
Þjónustusvið	18.941.672	17.829.329	(1.112.343)	(6,2%)
Ósjúkratryggðir	(274.226)	(274.783)	(557)	0,2%
Landspítali sameiginlegt	(1.857.704)	(1.829.601)	28.103	(1,5%)
S - merkt lyf	0	0	0	0,0%
Miðlæg verkefni	0	83.284	83.284	100,0%
Flutt staða milli ára vegna eigin fjár	0	1.680.477	1.680.477	100,0%
Utan sviða	(2.131.930)	(340.622)	1.791.307	(525,9%)
Samtals 2020	75.992.709	75.542.945	-449.764	(0,6%)

